



Akraneskaupstaður

Bæjarstjórn - 1261

FUNDARBOÐ

**1261. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18,
10. október 2017 og hefst kl. 17:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 1701216 - Aðalsk. - Dalbraut og Þjóðbraut breyting

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs, sem haldinn var þann 2. október 2017, var fjallað um breytingu á Aðalskipulagi Akraness 2005-2011 var auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann 20. júlí 2017. Athugasemdafrestur var til 7. september 2017. Engin athugasemd barst.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að aðalskipulagsbreytingin verði samþykkt sbr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og send Skipulagsstofnun til staðfestingar.

2. 1405059 - Deilisk. Dalbraut - Þjóðbraut

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs, sem haldinn var þann 2. október 2017, var fjallað um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Dalbrautar-Þjóðbrautar, sem upphaflega var staðfest 1988, var auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann 3. ágúst 2017. Breytingin felst í því að skipulagssvæðið er minnkað til samræmis við deiliskipulag Dalbrautarreits, sem auglýst var 20. júlí 2017. Athugasemdafrestur var til 21. september 2017. Engin athugasemd barst.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt sbr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, send Skipulagsstofnun til yfirferðar og auglýsing um gildistöku hennar birt í B-deild Stjórnartíðinda.

3. 1405059 - Deilisk. Dalbraut - Þjóðbraut

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs, sem haldinn var þann 2. október 2017, var fjallað um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Dalbrautarreits sem auglýst var skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann 20. júlí 2017. Athugasemdafrestur var til 7. september 2017. Tvær athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagstillagan með tilteknum breytingum sem koma til mót við framkomnar athugasemdir verði samþykkt sbr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, send Skipulagsstofnun til yfirferðar og auglýsing um gildistöku hennar birt í B-deild Stjórnartíðinda eftir að breyting á aðalskipulagi sama

svæðis hefur verið staðfest. Jafnframt er eldra deiliskipulag svæðis milli Dalbrautar, Stillholts og Þjóðbrautar, sem samþykkt var 12. desember 2006 með síðari breytingum, fellt úr gildi.

Þar sem breytingar frá auglýstri tillögu eiga ekki við meginatriði tillögunnar, fela í sér minnkað byggingarmagn og draga úr neikvæðum áhrifum á aðliggjandi byggð þarf ekki að auglýsa tillöguna að nýju.

4. 1708148 - Deilisk. Akratorgsreitur - Merkigerði 2 breyting

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs var fjallað um breytingu á deiliskipulagi Akratorgsreits vegna Merkigerðis 2. Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með athugasemdafresti frá 28. ágúst til 28. september 2017. Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku hennar birt í B-deild Stjórnartíðinda.

5. 1706042 - Íbúðir í eigu Íbúðalánasjóðs á Akranesi

Á 3221. fundi bæjarráðs þann 28. september 2017 samþykkti ráðið tilboð Íbúðalánasjóð um kaup á eigninni að Einigrund 8, íbúð 20102, samtals að fjárhæð kr. 18,5 mkr.

Bæjarráð samþykkti með ákvörðun sinni breytingu á fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun ársins 2017 sem hækkar áætlunina úr 759 mkr. í 777,5 mkr og verður mætt með lækkun á handbæru fé.

Bæjarráð vísaði ákvörðuninni til samþykktar í bæjarstjórn og staðfestingar í viðauka.

6. 1709115 - Alþingiskosningar 28. október 2017

Tillaga um gerð og frágang kjörskrár vegna alþingiskosninga 28. október 2017 ásamt afgreiðslu launagreiðslna til kjörstjórna og annarra starfsmanna.

Fundargerðir til kynningar

7. 1701005 - Fundargerðir 2017 - bæjarráð

3221. fundargerð bæjarráðs frá 28. september 2017.

8. 1701007 - Fundargerðir 2017 - skóla- og frístundaráð

70. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 2. október 2017.

9. 1701008 - Fundargerðir 2017 - skipulags- og umhverfisráð

70. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 2. október 2017.

10. 1701010 - Fundargerðir 2017 - Höfði

76. fundargerð Höfða frá 25. september 2017.

11. 1701023 - Fundargerðir 2017 - Orkuveita Reykjavíkur

248. fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 24. ágúst 2017.

6. október 2017
Sævar Freyr Þránínsson, bæjarstjóri.